

- b) Á Kirkjustræti frá Pósthússtræti að Aðalstræti.  
 c) Á neðsta hluta Túngötu frá Aðalstræti að Suðurgötu. Strætisvögnum verður þó heimilaður akstur á móti einstefnunni frá Suðurgötu að Aðalstræti.
4. Bifreiðastöður verða bannaðar í Vonarstræti beggja vegna götunnar.
  5. Gjald fyrir stöður á bifreiðastæðinu að Austurstræti 2 verða 20.00 kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur. Stöðutími verður ekki takmarkaður.
  6. Stöðumælar verða settir upp á bifreiðastæðið á Austurstræti 1. Gjald verður 5.00 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur, en hámarksstöðutími verður 30 mínútur.
  7. Hámarksstöðutími við stöðumæla á Kirkjutorgi verður 1 klukkustund. Gjald verður óbreytt, 5.00 krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Framangreindar reglur taka gildi 2. desember 1973 og falla þá jafnframt úr gildi bráðabirgðaákvæði um umferð í miðborginni, samkvæmt auglýsingu dagsettri 15. október 1973.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 27. nóvember 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Grímseyjarhrepps.

### 1. gr.

Vatnsveita Grímseyjarhrepps er eign hreppsins og rekin af honum í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila, svo og fyrirtækja og annarra, eftir því sem aðstæður leyfa.

### 2. gr.

Vatnsveita Grímseyjarhrepps er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Grímseyjarhrepps, með sérstöku reikningshaldi. Reikningar Vatnsveitunnar skulu jafnan fylgja hreppsreikningunum til endurskoðunar og samþykktar.

### 3. gr.

Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar, en í umboði hennar annast oddviti, eða hver sá, sem hreppsnefnd ræður til þess, daglega umsjón, rekstur og framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

### 4. gr.

Vatnsveitan hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu, sölu og dreifingar á vatni í hreppnum. Svo og til nýtingar alls vatns á eyggi.

### 5. gr.

Vatnsveita Grímseyjarhrepps lætur leggja aðalæð um eynga endilanga, svo og að hafnarsvæði. Með þessu eiga húseigendur greiðan aðgang að aðalæðinni, enda séu hús ekki reist án samþykkis byggingarnefndar.

Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja heimæðar á sinn kostnað.

## 6. gr.

Hver sá, er komast vill í sambandi við vatnskerfið, skal senda skriflega beiðni til oddvita, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu háð leyfi með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og tæki þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum eða sýnjað um vatn til þeirra, ef nauðsyn krefur. Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja nægan þrýsting á aðalæð hverju sinni.

## 7. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með nýlögnum, endurnýjun og breytingum.

Engar vatnsæðar má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan áskilur sér rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda. Telji eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verkið sé ekki unnið samkvæmt reglugerð þessari, eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt var.

## 8. gr.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum, frá aðalæð, á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á hans kostnað, eða að taka viðkomandi hús úr sambandi.

Eftirlitsmenn skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sé þess óskað. Þeim er heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

## 9. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu t. d. með sírennsli. Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið vegna viðgerðar og hreinsunar og takmarka það á vissum tíma í senn eftir atvikum.

Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara, sem kostur er.

## 10. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu ef óskað er.

Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram, og skal það miðast við rúmmál húss að utanmáli. Gjaldið er kr. 7.00 á hvern rúmmetra, þó aldrei lægra en kr. 3 500.00.

## 11. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29/4 1973.

Upphæð vatnsskatts skal vera 1% af framangreindu mati, þó aldrei lægri en kr. 7 500.00 fyrir hverja skattskylda fasteign.

Gjöld fyrir önnur vatnsnot en til heimila, skulu fara eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

## 12. gr.

Þar, sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælis, annast viðhald og ber alla ábyrgð á mælinum.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað.

Vatnsveitan ákveður sjálf stærð og gerð mælis. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

### 13. gr.

Vatnsskatt skal greiða eigi síðar en 15. júní ár hvert og ber að greiða skattinn til oddvita hreppsins.

Vatnsskatt samkvæmt mæli og gjöld fyrir aðra vatnsnotkun skal greiða í lok hvers ársfjórðungs.

### 14. gr.

Gjöld samkvæmt reglum þessum miðast við fasteignamatið 1972 og breytast í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefndin getur hækkað eða lækkað framan talin gjöld allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

### 15. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og gera má lögtak í hinu skattskylda húsi án til-lits til eigendaskipta.

Vatnsskattur nýtur lögveðsréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Sé vatnsskattur eða vatnslögn í vanskilum, er hreppsnefnd heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjald-anda og heimilt er að krefjast opnunargjalds, þegar skil hafa verið gerð á gjöld-unum.

### 16. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggji fyrir að lögum. Mál út af broti á reglugerð þessari skal farið með sem opin-ber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Grimseyjarhrepps og samþykkt á almennum hreppsnefndarfundum, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1973.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1973.

*Lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af forsetanum 2. janúar 1973, nr. 1.*

*Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráð-herra 11. janúar 1973, nr. 2.*